



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningarinnar
Landspítali 80 ára
Úr sögu og samtíð Landspítalans
15. júní 2010**

Góðir gestir

Það er áminning um hve saga sjálfstæðis og mannréttinda er í rauninni stutt í landi okkar að uppruna fjáröflunar til Landspítala megi rekja til áfanga í baráttusögu kvenna, til ársins 1915 þegar þeim voru veitt réttindi til kjörgengis og kosningaþátttöku til jafns við karla; að hornstein að byggingunni lagði Alexandrína drottning Danmerkur og Íslands nærri tveimur áratugum áður en lýðveldið var stofnað á Þingvöllum við Öxará.

Fyrr á þessu ári minntumst við þess að 250 ár voru frá tilkomu landlæknisembættisins og á málþingi í Hátíðarsal Háskóla Íslands var rífað upp hve fátækleg heilbrigðisþjónustan var í raun, allt til fyrstu áratuga tuttugustu aldar, hve skæðir og útbreiddir ýmsir sjúkdómar voru sem nú heyra nánast sögunni til.

Breytingarnar sem orðið hafa á æviskeiði einnar kynslóðar eru líkar kraftaverki. Íslendingar njóta þess nú að vera í fremstu röð þjóða heims hvað snertir heilbrigði, langlífi og læknisþjónustu fyrir alla, óháð stétt, stöðu eða efnahag.

Landspítalinn hefur verið burðarás í þessari þróun, stofnun sem þjóðin hefur dáð og lofað; verið á vissan hátt tákn þess sjálfstæðis sem var í augnsýn þegar fyrstu sjúklingarnir komu hingað. Landspítalinn – orðið segir allt sem þarf; spítali landsins alls, þjóðarinnar.

Saga Landspítalans er samofin þjóðarsögu, árangri fámennrar þjóðar sem áður var meðal hinna fátækustu í álfunni en komst í fremstu röð á þessu sviði.

Saga spítalans er því forvitnileg, ekki bara fyrir það góða fólk sem hér vinnur eða sjúklingana, heldur fyrir okkur öll og reyndar líka fulltrúa frá fjarlægum ríkjum sem hingað koma til að fræðast um árangur Íslendinga; jafnvel heilbrigðisráðherrar frá Kína, ekki bara einn eða tveir heldur fleiri frá þessu fjölmennasta landi heims hafa gert sér för hingað með fjölmennar sendinefndir til að skyggjast um á heilbrigðisvettvangi Íslendinga.

Sýningin sem við opnum hér í dag er vitnisburður um viðleitni ykkar til að varðveita þessa merku sögu; túlka hana fyrir samtímanum og heiðra um leið þá sem hér störfuðu áður fyrr, fólkid sem skilaði Landspítalanum í fremstu röð þótt oft væri fjárhagur þröngur og erfiðir hjallar á langri leið.

Sýningin nær einnig til listaverka sem í æ ríkara mæli setja svip á húsakynnin og daglega önn, listaverka sem leiða hugann frá glímu sem iðulega er tvísýn og sársaukafull. Það segir margt um hug ykkar til listarinnar að þessi þáttur skuli í sýningunni vera nefndur: Andlit spítalans.

Það er ánægjulegt að sjá hér í dag fjölbættan efnivið, sýningargripi, heimildir sem í tímans rás geta orðið að öflugum safni um hlutverk Landspítalans í þjóðarsögu Íslendinga og við hæfi að opna slíka sýningu einmitt í aðdraganda hátíðarhaldanna 17. júní.

Með þeim orðum þakka ég ykkur fyrir framtakið og lýsi sýninguna hér með opnaða.